

Innramatsskýrsla og úrbótaáætlun fyrir  
grunnskóladeild Seyðisfjarðarskóla

2018-2020

# Innramat skýrsla 2018-2020

Skoðun og leiðir til úrbóta

---

# Innramat skýrsla 2018-2020

## Efnisyfirlit

Inngangur .....	2
Nemendur - líðan og samskipti .....	4
Námsárangur .....	6
Námsmat.....	8
Heilsueflandi skóli (starfsfólk/skólabragur).....	9
Stjórnun .....	13
Þróunarstarf: Sameining leik- grunn og listadeildar .....	14
Aðbúnaður / Húsnæði.....	16
Persónuvernd og nýting kerfa .....	17
Staða áætlana.....	18
Lokaorð .....	19

## Inngangur

Í öllum deildum Seyðisfjarðarskóla er skólastarfið metið með margvíslegum hætti eftir áætlun um innra mat til fimm ára<sup>1</sup>. Reynt er eftir fremsta megni að hafa matið fjölbreytt og að það nái til sem flestra þátta en þó þannig að raunhæft sé vinna að úrbótum í kjölfarið. Lykillhugsun í innra mati er að niðurstöður formlegs og óformlegs mats móti áætlanir og aðgerðir um áframhaldandi starf og umbætur í skólanum. Þessi skýrsla byggir á áætlun um innra mat sem samþykkt var í fræðslunefnd haustið 2018. Í þeirri áætlun var tilgreint hvaða þættir yrðu skoðaðir á tímabilinu 2019-2020. Í umræðuhluta hvers kafla þessarar skýrslu er stöðu í ákveðnum flokki útfra niðurstöðum skimana eða annars mats lýst. Fram kemur hvað betur má fara og því næst er leiðum til úrbóta lýst í einföldum gátlista. Flestir kaflarnir eru unnir í samráði við kennara skólans á starfsdögum að vori 2019. Mat kennara og stjórnenda á skólastarfinu jafnt yfir veturinn ásamt formlegu mati er hér haft til hliðsjónar. Skólastjóri sá um samantekt og framsetningu skýrslunnar.

Innra mat er framkvæmt á margvíslegan hátt eftir formlegum og óformlegum leiðum í Seyðisfjarðarskóla. Helstu matsleiðir eru:

- Mat á framvindu skólastarfs, skólabrag, árangri nemenda og kennara á reglulegum kennarafundum á deildum sem og reglulegum stjórnendafundum.
- Reglulegar kannanir á líðan, námsárangri og félagstengslum nemenda. Stefnt er að snemmtækri íhlutun.
- Símat kennara og Skólaskrifstofu á þroska, hæfni og færni nemenda. Stefnt er að snemmtækri íhlutun.
- Símat á árangri sem og prófatímabil hjá nemendum grunnskóladeildar. Námsmatsskil í grunnskóladeild eru þrisvar á ári skólaárið 2018-2019 og í kjölfar þeirra foreldra- og nemendasamtöl eftir fyrstu og aðra önn.
- Rýnifundir kennara eftir foreldra- og nemendasamtöl og helstu viðburði.
- Starfsmannaviðtöl einu sinni til tvisvar á ári og starfsmannakannanir annað hvert ár.
- Viðhorfskannanir að hausti og á vorin: Skólapúlsinn lagður fyrir nemendur í grunnskóladeild tvisvar á ári og foreldra í leik- og grunnskóladeild annað hvert ár. Olweusarkönnun er lögð fyrir nemendur grunnskóladeildar árlega. Félagstengslakönnun meðal nemenda er einnig árleg.
- Rýnifundir vegna skólaþróunar, innleiðingar skólastefnu og kennsluaðferða á sameiginlegum fundum starfsmanna og stjórnenda eru reglulegir yfir skólaárið.
- Virkt skólaráð og nemendaráð ásamt Skólaþingum og Nemendaþingum. Hlutverk þeirra er að stuðla að skólaþróun og rýna í skólastarfið með virku samtali byggt á reynslu þeirra og gögnum eftir því sem við á.

Innramats skýrsla grunnskóladeildar er gefin út annað hvert ár að vori en árið þar á eftir er umbótaár útfra gátlistum. Gátlistar eru skoðaðir og metnir af stjórnendum jafnt og þétt og einkum í lok tímabilsins sem að þessu sinni stendur til vors 2020.

Skólastefna sveitarfélagsins byggir m.a. á viðmiði um að starf í öllum deildum skólans sé umbótamiðað. Sú hugsun nær til starfa nemenda og starfsmanna og varðar einnig aðstöðu okkar. Því er brýnt að starfsfólk fái kynningu á þessari áætlun, lesi sér til um hana og komi að úrbótunum. Þá er einnig mjög brýnt að allt starfsfólk fari að þeim tillögum sem koma fram og eins að sveitastjórn styðji við það sem hér er lagt fram í gátlistum.

---

<sup>1</sup> Sá innramatsáætlun á vef skólans

Skýrslur um innra mat og úrbótaáætlanir eru gerðar opinberar á vefsvæði skólans eftir umfjöllun í fræðslunefnd.

Skýrslu og úrbótaáætlun þesa skal vinna, kynna og fara yfir með starfsfólki vorið og haustið 2019/2020 til að tryggja að unnið sé eftir áætluninni.

## Nemendur - líðan og samskipti

Í þessum kafla beinum við sjónum okkar að líðan nemenda, samskiptum og skólabrag. Gögn sem nýtt eru til greiningar á stöðunni eru gögn úr Skólapúlsi og Olweusarkannanir frá árunum 2017-2019 og lengra aftur í tíma. Upplýsingar frá starfsmannafundum og samtölum stjórnenda við starfsfólk og foreldra á tímabilinu er einnig haft til hliðsjónar. Tillögur að úrbótum grundvallast m.a. á niðurstöðum frá Skólaþingum 2017 og 2018 og umræðu í skólaráði skólaárið 2018-2019, á nemendaþingi 2018 og rýnifundum kennara og stjórnenda þar sem líðan nemenda og uppeldisaðferðir hafa verið til umfjöllunar. Byggja þær tillögur m.a. á þeirri endurmenntun sem fram hefur farið hjá starfsfólki skólans, fræðslu og samráði við sérfræðinga á sviði líðan barna og uppeldistækni. Samantektina vann skólastjóri en ákvarðanir um úrbætur voru teknar m.a. á fundum stjórnenda annarsvegar og stjórnenda og kennara hinsvegar.

### Umræða

Undanfarin ár hefur líðan nemenda, trú á eigin getu til náms og sjálftraust þeirra, mælst nokkuð undir samanburðarskólum í Skólapúlsinum. Í síðustu innramatskýrslu frá 2017 kemur fram að starfsfólk nefnir einnig að ákveðin harka í samskiptum milli nemenda sé viðvarandi. Umræða um slíkt er enn nokkuð áberandi á fundum kennara og í samtölum starfsfólks og foreldra við stjórnendur. Síðustu ár hefur ýmislegt verið gert til að freista þess að stemma stigum við umræddri vanlíðan og jafnvel menningu sem virðist djúpstæð. Til dæmis með eflingu og fræðslu til nemenda um samskipti, reglulega yfir skólaárið. Eins hafa orðið breytingar í kennsluháttum í átt að enn fjölbreyttari og einstaklingsmiðaðri aðferðum. Miklar breytingar á aðstöðu og faglegru umgjörð skólans hafa orðið í krafti nýrrar skólastefnu sveitarfélagsins og ákvarðana stjórnenda og kennara, sem ætlaðar voru til að styrkja nemendur, valdefla þá og bæta líðan. Einnig hefur foreldrafélagið verið virkt sem fyrr, og forvarnafulltrúi hefur lagt skólanum lið varðandi fræðslu og forvarnir. Þær aðgerðir sem ráðist hefur verið í virðast þó ekki hafa skilað tilætluðum árangri hvað líðan nemenda snertir, sé miðað við niðurstöður Skólapúlsins. Þó má nefna að stuttur tími er liðinn frá því að áhersla var sett á að snúa þessu og því er ef til vill ekki tímabært að ætlast til að úrbætur séu farnar að skila sér. Undirbúningur starfsfólks undir að taka upp uppeldisstefnuna Uppeldi til ábyrgðar í öllum deildum skólans hefur staðið yfir sl. tvö ár og kemur til framkvæmda á skólaárinu 2019-2020 hjá nemendum og væntum við að það hafi áhrif. Einnig er athyglisvert sjónarhorn sálfræðings Austurlandsteymisins sem nefndi að um mögulegt smit á viðhorfum og líðan gæti verið að ræða í okkar stofnun.

Athygli vekur að samkvæmt Skólapúlsinum virðist líðan stúlkna í skólanum og viðhorf þeirra til sín og námsins vera verri en drengja. Eins er vert að nefna að nokkur þversögn er í því sem kemur fram í opnum svörum könnunarinnar því þar kemur fram almenn ánægja með skólann meðal margra nemenda og athyglisvert er líka að nemendur mælast almennt með nokkuð mikinn námsáhuga, eru ánægðir með kennarana sína og eru í góðu sambandi við þá.

Í skólanum er unnið eftir Olweusaráætlun og það starf er í föstum skorðum. Einelti mælist lítið í samkvæmt könnunum, er nánast ekki mælanlegt, sem er í sjálfu sér

umhugsunarefni. Í vetur hefur verið kallað eftir verklagsreglum um samskipti, eineltismál og erfiða hegðun til að auðvelda nýjum starfsmönnum að ganga í takt og tryggja að starfsfólk gangi í takt varðandi agavandamál og virk umræða á öllum skólastigum hefur verið um það verklag. Slíkt verklag tekur gildi haustið 2019.

Taka má fram að líðan kennara, aðstæður þeirra og áhugi þeirra á störfum sínum og stuðningur við þá, virðing, traust og skilningur almennt við skólstarfið og mikilvægi þess hefur því áhrif á þennan þátt sem og aðra þætti.

## Úrbætur gátlisti

	Hvað skal gera	Grundvöllur ákvörðunar um aðgerð	Hvenær hefst vinnan	Hver ber ábyrgð á framkvæmd	Verki lýkur
Samskipti Líðan Skólabragur	Innleiðing agastefnunar Uppeldis til ábyrgðar á að breyta hvernig starfsfólk bregst við agavanda og uppkomum.	Starfsmannafundur 2017-2018. Skólalaping 2017/2019	Haust 2019	Stjórnendur og kennarar	Ekki
	Innleiðing agastefnunar Uppeldis til ábyrgðar (á að breyta hvernig og hvað kennarar kenna).	Námskeið Brighton 2018 Haustnámskeið 2019	Vor 2018	Kennarar	Ekki
	Innleiðing agastefnunar Uppeldis til ábyrgðar á að breyta hvernig samskipti allra starfsmanna og nemenda fara fram.	Námskeið Brighton 2018 Haustnámskeið 2019	Haust 2018	Kennarar Starfsfólk Stjórnendur	Ekki
	Nemendur læra um eigin persónubundnu þarfir og hvernig þeir geta komið til móts við þær.	UTÁ Handbækur og bjargir	Haust 2019	Kennarar Starfsfólk Stjórnendur	Ekki
	Nemendur læra um eigin ábyrgð í samskiptum.	UTÁ Handbækur og bjargir	Haust 2019	Kennarar Starfsfólk Stjórnendur	Ekki
	Foreldrar fá ítarlega kynningu og námskeið í aðferðum Uppeldis til ábyrgðar.	Starfsmannafundur maí 2019	Haust 2019	Kennarar Starfsfólk Stjórnendur	Ekki
	Námskeið leiðtoga og starfsfólks í aðferðum UTÁ.	Mat starfsfólks á þörf.	Vor 2018	Kennarar Starfsfólk Stjórnendur	Reglulega, minnst árlegt
	Verkferlar og vinnulag kennara varðandi samskipti, Olweus og skólabrag skýrðir og gerðir skriflegir og nýttir.	Mat á starfsanda, Líf og Sál/Skólalaping /UTA	Haust 2019	Kennarar Starfsfólk Stjórnendur	Ekki
	Olweusarstarf eftir nýrri eineltisáætlun.		Haust 2018	Kennarar Starfsfólk Stjórnendur	Ekki
	Austurlandslíkanið áframhaldandi samvinna efling, snemmtæk íhlutun varðandi líðan og alla velferð nemenda		Haust 2019	Sérkenn. Stjórnendur.	Ekki
	Ráðning talsmanns nemenda, skólasálfræðings, námsráðgjafa.	Skólalaping 2018, Stjórnendur	Í skoðun 2018-2020	Stjórnendur	Markmið í sjálfu sér

Val og nemendalýðræði styrkt, með öflugum nemendaráði.	Skólapúls	Haust 2019	Kennarar Starfsfólk Stjórnendur	Ekki
Aukin fræðsla til nemenda um skólareglur, samskipti og tilgang náms/skólagöngu.	UTA/verklag	Haust 2019	Kennarar	Reglulegt
Heimsóknir fræðara/forvarnir/samskipti til nemenda	Skólapúls	Haust 2019	Kennarar Stjórnend.	Ekki
Jafnréttisáætlun innleidd í skólastarf.	Skólapúls	Haust 2019	Kennarar Starfsfólk Stjórnendur	Ekki
Námskeið um kvíða barna og hvernig tekist er á við hann fyrir starfsfólk.	Vor 2019 Vor/haust 2020	Vor 2019	Stjórnendur	Reglulegt
Skólaforðun: ný sýn og nýtt verklag (skriflegt).	Félagsþ. Fljótsdalsh./stjórnendur/gögn um ástundun	Haust 2019	Kennarar Starfsfólk Stjórnendur	Ekki
Símalaus skóli, ákvörðun og framkvæmd.	Umræða á kennarafundum. Skólapingi nemendaflokkum, Tillaga frá fræðslunefnd og forvarnarfulltrúa.	Haust 2017	Kennarar Starfsfólk Stjórnendur	Vor 2020
Fræðsla í leikskóladeild um aðkomu félagsþjónustu og snemmtæka íhlutun.	Félagsþ. Fljótsdalsh./stjórnendur/	Vor 2019	Kennarar Starfsfólk Stjórnendur	Reglulegt

## Námsárangur

Skimanir sem eru lagðar til grundvallar mats á námsárangri nemenda í þessum kafla eru greiningartækin Lesfimi í öllum árgöngum á sl. ári og Talnalykill í 3. og 6. bekk. sl. þrjú ár aftur í tímann ásamt samburði á niðurstöðum samræmdra prófa í íslensku og stærðfræði í 4., 7. og 9. bekk sl. þrjú ár aftur í tímann.

Samantekt kaflans vann skólastjóri en Svandís Egilsdóttir skólastjóri, Þórunn Hrund Óladóttir aðstoðarskólastjóri og Þorsteinn Arason kennari fóru yfir gögnin, ræddu úrbætur og settu fram tillögur að úrbótum vorið 2019.

## Umræða

Flestir árgangar eru í nokkuð góðum farvegi hvað leshraða og læsi snertir, en gera má ráð fyrir að árangur sé að nokkru leyti einstaklingsbundinn eftir árgöngum þegar hópar eru jafn litlir eins og hjá okkur. Þó má lesa það út úr gögnunum að á heildina litið er leshraði og læsi að jafnaði í meðallagi miðað við landið. Er það mat okkar að skerpa þurfi á lestri upphátt fyrir kennara og foreldra daglega í 1.-4. bekk og brýna kennara í að hafa skýran ramma utanum yndislestrarstundir á öllum stigum, til að gera enn betur og nýta aðferðir PALS á yngsta og miðstigi í þeim tilgangi.

Þegar Talnalykill og samræmd próf í stærðfræði eru skoðuð eru ákveðnir námsþættir sem koma verr út hjá okkur en aðrir og þá sérstaklega reiknisáðgerða þátturinn. Sem dæmi; margföldun með tveimur stöfum, margföldun almennra brota, deiling/uppsetning deilingadæma og svo framvegis. Leggja verður áherslu á meðal kennara á yngsta og miðstigi að kenna reikningsáðgerðir og áðferðir frá fyrsta bekk og auka þjálfun nemenda í reiknisáðgerðum þannig að grunnurinn styrkist hjá þeim.

Tvítyngdir nemendur: Varðandi tvítyngda nemendur er greinilegt að efla má námsárangur hjá þeim sérstaklega og bæta þjónustuna við þá. Tillögur um úrbætur vegna þeirra felast fyrst og fremst í aukinni íslenskukennslu til þeirra á þessu stigi, til að efla orðaforða þeirra og hugtakaskilning og eins með því að þau eigi sér ákveðinn talsmann í skólanum sem heldur utan um þeirra mál að auki við umsjónarkennara. Til hliðsjónar hefur verið skoðað hvernig þjónustu tvítyngdir nemendur fá við skólann er tímafjöldi varðar, út frá lögum, út frá árangri nemendanna sjálfra í skimunum og prófum og út frá samtölum stjórnenda við foreldra sumra þessara barna. Einnig er haft til hliðsjónar almenn umræða um málaflökkinn sem nokkuð hefur verið í brennidepli í skólasamfélaginu og fjölmiðlum sl. misseri.

## Úrbætur gátlisti

	Hvað skal gera	Hvenær hefst vinnan	Hver ber ábyrgð á framkvæmd	Verki lýkur
Námárangur eflur í íslensku og stærðfræði.	Efla getu nemenda í reikningsáðgerðum á yngsta stigi með aukinni kennslu í áðgerðum	Haust 2019	Kennarar á yngsta- og miðstigi.	Ekki
	Efla getu nemenda í reikningsáðgerðum á miðstigi með aukinni kennslu í áðgerðum	Haust 2019	Kennarar á yngsta- og miðstigi.	Ekki
	Brýna kennara í að hafa strangan ramma utanum yndislestrarstundir frá hausti	Haust 2019	Kennarar allra bekkja	Ekki
	Nýta dag stærðfræðinnar sameiginlega á hverju ári	Haust 2019	Kennarar allra bekkja	Ekki
	Menntamót nýtist sem efling á námsárangri og áhuga á náminu	Haust 2019	Kennarar allra bekkja og stjórnendur	Ekki
	Virkja samtalið milli leikskóladeildar og grunnskóladeildar um lestur og stærðfræði	Haust 2019	Stjórnendur og Kennarar á yngsta- og miðstigi ásamt leikskólal.	Ekki
	Skólaforðunarverkefni innleitt	Haust 2019	Kennarar allra bekkja og stjórnendur	Ekki
	Efla fjölbreyttar kennsluáðferðir á unglíngastigi	Haust 2019	Kennarar á unglíngastigi	Ekki
	Sérstaklega skal hugað að tvítyngdum nemendum <ul style="list-style-type: none"> <li>Tímafjöldi aukinn í íslensku aukalega við viðmiðunarstundir í töflu.</li> <li>Samstarf við Austurlandslíkanið</li> <li>Aðstaða tvítyngdra nemenda skoðuð</li> </ul>	Haust 2019	Kennarar/ sérkennarar	Ekki



## Námsmat

Unnur Óskarsdóttir og Guðrún Ásta Tryggvadóttir fóru yfir hvernig námsmat er framkvæmt við skólann, ræddu úrbætur og settu fram tillögur að úrbótum eftir umræður um námsmat á fundi með kennurum í maí 2019. Komu þær fram með eftirfarandi tillögur.

### Umræða

Eins og staðan er í dag vorið 2019, eru gefnar umsagnir í Mentor á yngsta stigi, 1.- 4. bekk en einkunnir í tölum á mið- og unglingastigi frá 5. – 10. bekk. Þó útskrifast 10. bekkur með A-B –C úr grunnskóla, samkvæmt tilmælum frá Menntamálaráðuneytinu. Vitnisburður er prentaður út úr „gamla Mentor“ þrisvar á ári og afhentur í viðtölum og á skólaslitum.

Markmið skólans með kennslu og námi í íslensku og stærðfræði á öllum stigum eru skilgreind, en það á eftir að setja þau inn í Mentor. Hæfniviðmið sem eru sérstök fyrir okkar skóla, eru ekki tilbúin. Æskilegt væri að Mentor (eða sambærilegt forrit) væri nýtt til að koma námsframvindu til nemenda og foreldra. Svo að jafnt og þétt yfir veturinn komi upplýsingar til allra um framvindu náms nemenda. Augljóst væri þá bæði nemendum, foreldrum og öllum kennurum hvernig staðan væri á hverjum tíma, sem væntanlega tryggir samfellu og að fjölbreyttum markmiðum aðalnámskrár sé náð.

### Úrbætur gátlisti

	Hvað skal gera	Hvenær hefst vinnan	Hver ber ábyrgð á framkvæmd	Verki lýkur
Námsmat	Ákveða hvaða form á að nota. Mentor, Námsfús, annað?	Vor 2019	Stjórnendur og kennarar	2020
	Skoða hvort að ástæða sé til að ákveða markmið í öllum greinum fyrir hvern árgang út frá samræmingu námsgreina (smb. verkefni unnið -2016)	Skólaárið 2019-2020	Kennarar og stjórnendur	2020
	Ákveða hæfniviðmið fyrir árganga		Kennarar og stjórnendur	
	Ákveða og setja inn sjálfsmat fyrir hvern árgang, Mentor		Kennarar og stjórnendur	
	Ákveða hvernig ofangreint sé sýnilegt, foreldrum, kennurum og nemendum.	2019	Kennarar og stjórnendur	Haust 2020
	Yngsta stigs nemendur viti að þetta kerfi er notað og kynnist því	Haust 2020	Kennarar	Lýkur ekki
	Miðstigsnemendur læri á það kerfi sem notað er	Haust 2021	Kennarar	Lýkur ekki
	Unglingastig geti unnið með kerfið og noti til verkefnavinnu (skila) svo þau kunni á samskiptin og séu undirbúin til að vinna með Innu, þegar í framhaldsskóla er komið. Einnig að þau taki ábyrgð á sínu.	Haust 2021	Kennarar	Lýkur ekki

## Heilsueflandi skóli (starfsfólk/skólabragur)

Í þessum kafla er farið yfir starf vetrarins í Heilsueflandi skólastarfi sl. vetur ásamt því að tillögur um úrbætur eru settar fram í kjölfar þess mats og mati utanaðkomandi aðila á sömu þáttum. Á næsta skólaári 2019-2020 er markmið okkar að skoða gátlista heilsueflandi skóla er varða nemendur samkvæmt áætlun okkar, þá verða þemun: *nemendur, hreyfing og öryggi* í fyrirrúmi.

Skólastjóri vann samantektina og setur fram gátlistana hér í þessum kafla eftir starf vetrarins skv. áætlun heilsueflandi skólastarfs, að höfðu samráði við aðra stjórnendur, kennara, nemendur, skólaráð, bæjarstjóra og fræðslunefnd.

### Umræða

Samkvæmt verklagi virkar skólaráð sem stýrihópur um Heilsueflandi skóla en skólaráð fundar einu sinni til tvisvar á skólaárinu um gátlista Heilsueflandi skóla og eins eru heilsueflandi spurningar hluti af umræðupunktum á árlegu skólapingi í Seyðisfjarðarskóla.

Áherslan skólaárið 2018-2019 var að skoða gátlistann *starfsfólk* og var það gert af stjórnendum leik- og grunnskóla og af skólaráði sem höfðu öll úrbótamiðað hugarfarir við vinnsluna. Frá þeim er komin forgangsröðun og áherslur varðandi úrbætur ásamt því að niðurstöður Skólapúls eru einnig nýttar hér við úrbótaáætlun. Varðandi úrbætur er snerta starfsanda og aðbúnað starfsfólks er einnig litið til niðurstaðna sálfræðinga frá Lífi og Sál en að ósk bæjarstjórnar voru vinnustaðasálfræðingar á þeirra vegum fengnir til að meta starfsanda og stjórnun við skólann. Samkvæmt vinnulagi við Seyðisfjarðarskóla ákvörðuðu 2016 er gerð starfsmannakönnun á vegum Skólapúlsins annað hvert ár en starfsmannaviðtöl fara einnig fram árlega. Niðurstöður frá vinnustaðasálfræðingunum og niðurstöður spurningalista Skólapúlsins voru í góðu samræmi.

Varðandi lífsleikniþemað og þar með velferð nemenda við skólann, sem unnið var áfram með á skólaárinu var ákveðið að taka upp uppeldisstefnuna Uppeldi til ábyrgðar vorið 2017 og hefur undirbúningur þeirrar innleiðingar staðið síðan. Innleiðingin gengur samkvæmt áætlun þar um og á skólaárinu 2019-2020 verður unnið út frá framkvæmdaáætlun með nemendum og foreldrum. Líðan nemenda og áhugi á námi mælist svipaður á milli ára í Skólapúlsinum en búist er við jákvæðum áhrif á skólabrag nemenda og líðan við það að gera úrbætur er varða starfsanda og við að innleiða Uppeldi til ábyrgðar (UTÁ) og nýja jafnréttisáætlun.

Vörður í heilsueflandi starfi 2018-2019 eru settar hér fram í skema í framhaldinu. Til vinstri, eru skilgreind atriði sem samkvæmt fyrri áætlun okkar var ákveðið að gera og mat á framkvæmd og starfi síðasta vetrar er svo tilgreint til hliðar við það.

Hvað var ætlunin að gera	Tókst það?	Skýring
Starfsmenn þekkja heilsueflandi áætlun skólans	Já/nei	Kynnt á fundi og á heimasíðu

Stjórnendur fóru yfir viðeigandi gátlista	Já	Í janúar/febrúar
Kennarar/starfsmenn fóru yfir viðeigandi gátlista	Já	Skólaráð, ekki náðist að kynna niðurstöður ítarlega, vegna vinnu vinnustaðasálfræðinga.
Skólaráð fór yfir viðeigandi gátlista	Já	Já á febrúarfundi
Fræðsla fór fram fyrir nemendur sem tengdist þema ársins í leik- og grunnskóladeild	Já	Bæði í tímum sem og aðfengnir fyrirlestarar Skyndihjálp, unglíngastig Ástráður unglíngastig Sigga Dögg kynfræðingur kynfræðsla á miðstigi og á unglíngastigi Fyrirlestur um mörk og samskipti Sólborg Guðbrandsdóttir Lífsleikni í bekkjum Umræða um samskipti, skólareglur og mörk Lögreglan í grunn- og leikskóladeild
Hlé milli tíma nýtt til hreyfingar og uppbrots	Já/nei	Prófað á skólaárinu, virkaði ekki sem skyldi að mati kennara. Stundatafla endurskoðuð.
Kannanir voru nýttar til að bæta starfsemi skólans	Já	Sjá innramatsskýrsla og skólaþróun.
Menningarmót innleitt sem hluti af heilsuefandi skólastarfi (félagsauður eflur)	Já	Haldið á öllum deildum sama dag.
Viðeigandi áætlanir um jafnrétti, samskipti og skólareglur útbúnar, kynntar og aðgengilegar á heimasíðu	Já	Útbúið á árinu/endurskoðað á árinu. Skólareglur verða endurskoðaðar 2019-2020.
Heilsuefandi umræða var á Skólaþingi	Já	Heilsuefandi spurningar tengdust líðan nemenda og snjalltækjum í skólastarfi.
Hreyfidagur var haldinn sameiginlegur		Nei ekki sameiginlegur.
Skíðadagur var haldinn	Já	20. mars 2019.
Tímar í íþróttum og sundi eru ríflegir miðað við aðalnámskrá	Já	Eru samkvæmt viðmiðunarstundatöflu og ein lota í vali á skólaárinu 2019-2020.
Val á miðstigi innleitt	Já	Gekk að mestu leyti vel, ætlunin að halda áfram með það.
Útikennslustofa/útikennsla er nýtt markvisst í skólastarfinu	Já/nei	Ekki af öllum kennurum en sumum mjög svo. Mikil áhugi að merkja fyrir útikennslu og sjálfbærnikennslu skólaárið 2019-2020.
Útivera í frímínútum	Já	
Matseðill var endurskoðaður af skólaráði	Já	Af skólaráði, rætt við matráð. Stefnt að því að gera það með nemendum og leikskóladeild 2019-2020.
Eineltisáætlun endurskoðuð	Já	Unnið skv. nýrri áætlun.
Fræðsla fyrir starfsfólk	Já	Námsferð til Brighton UTA. Erindi H Hörpu sálfræðings um kvíða. Erindi Júlíu Sæmundsdóttur um ofbeldi gegn börnum og hlutverk félagsþjónustunnar. Vinnustaðasálfræðingar
Úrbætur fyrir komandi ár voru ákveðnar í samræmi við gátlista, skólaráðsfund og eða skólaþing.	Já	Já sjá innramatsskýrsla 2019-2020.

## Úrbætur heilsueflandi skólastarfs fyrir 2019-2020

### Starfsfólk og líðan nemenda

Heilsueflandi skóli starfsfólk	Hvað skal gera	Hvenær hefst vinnan	Hver ber ábyrgð á framkvæmd	Verki lýkur
	Innleiðing árlegs áhættumats v. starfa skv. vinnueftirliti	Haust 2019	Skólastjóri Öryggistrún aðarmaður	Október 2019
	Skýra verkferla: Unnið að handbók fyrir starfsfólk	Vor 2019	Stjórnendur	Vor 2021
	Skýra verkferla: Hver gerir hvað, google docs opið skjal	Vor 2019	Starfsfólk og stjórnendur	Vor 2021
	Skýra verkferla: unnið að gerð handbókar (Seyður)	Vor 2019	Starfsfólk og stjórnendur	Vor 2021
	Aftur í grunninn; Að viðhalda skólastefnu, útskýra skipurit og til hvers er ætlast, endurtaka reglulega á fundum.	Vor 2019	Stjórnendur	Vor 2020
	Stjórnendahlutfall aukið, skoðað.	Haust 2019	Skólastjóri og bæjarstjórn	Haust 2019
	Dreifstjórnun: kosning í nefndir og ábyrgð á hlutverkum.	Haust 2019	Allt starfsfólk	Ekki
	Gildi starfsmanna fundin og ófrávíkjanlegar reglur	Vor 2019	Stjórnendu og starfsfólk	Vor 2020
	Leiðbeinandi samtöl við starfsfólk eftir þörfum	Haust 2019	Skólastjórn endur	Eftir þörfum
	Kynna eineltisáætlun.	Haust 2019	Skólastjórn endur	Haust 2019
	Kynna jafnréttisáætlun .	Haust 2019	Skólastjórn endur	Haust 2019
	Unnið eftir jafnréttisáætlun .	Haust 2019	Allt starfsfólk	Lýkur ekki
	Persónuleg handleiðsla stjórnenda.	Haust 2019	Bæjarstjórn /stjórnendur	Vor 2020
	Handleiðsla stjórnendateymi .	Haust 2019	Bæjarstjórn /stjórnendur	Vor 2020
	Hreyfing á vinnutíma 1 klst, skoðað.	Vor 2019	Stjórnendur	2020
	Starfsmannafélag; skýrari viðmið og sameiginleg óformleg samskipti.	Haust 2019	Stjórnendur	Vor 2020
	Vinna með liðsheild alls starfsfólks og á deildum.	Haust 2019	Stjórnendur Skemmtine fnd, starfsfólk	Vor 2020
	Fræðsla um samskipti.	Haust 2019	Stjórnendur	Haust 2019
	Innleiðing árlegs áhættumats v. starfa skv. vinnueftirliti.	Haust 2019	Öryggistrún aðarmaður	Október 2019
Skýra verkferla: Unnið að handbók fyrir starfsfólk.	Vor 2019	Stjórnendur	Vor 2021	
Aðkoma/skoðun vinnueftirlits á aðbúnaði.	Haust 2019	Skólastjóri/vinnueftirlit	Haust 2019	

<b>Heilsueflandi skóli nemendur</b>	Innleiðing UTA (viðamikíð verkefni).	Haust 2019	Starfsfólk og stjórnendur	Vor 2021
	Skoðun og úrbætur á öryggi við götu grskd.	Haust 2019	Skólastjóri/vinnueftirlit	Haust 2019
	Forvarnir og umræða meðal nemenda um öryggi og heilsu í fókus á skólaárinu.	Haust 2019	Kennarar	Vor 2020
	Unnið að úttekt skv. gátlista heilsueflandi skóla.	Frá október	Stjórnendur og skólaráð	Árlegt
	Unnið skv. áætlun um heilsueflandi starf skólans.	Frá hausti 2016	Stjórnendur kennarar og skólaráð	Lýkur ekki
	Gildi skólans fundin og ófrávíkjanlegar reglur.	Haust 2019	Skólasamfélagið á skólaþingi	Vor 2020
	Matseðlar: endurskoðun	Á skólaárinu	Nemendur Matráður Kennarar	

## Stjórnun

### Umræða

Í þessum kafla beinum við sjónum okkar að stjórnun skólans og starfi í stjórnendateymi hans. Gögn sem nýtt eru til greingar á stöðu eru gögn úr starfsmannahluta Skólapúlsins 2018-2019, niðurstöður úr úttekt vinnustaðasálfræðinga Lífs og Sálár á líðan og starfsanda í skólanum og þremur rýnifundum stjórnenda sjálfra á verk og vinnulagi í stjórnendateymi. Tillögur að úrbótum grundvallast m.a. á niðurstöðum skilafundar Líf og Sál í mars 2019 og fundi um aðgerðir í þessu sambandi í stjórnendateyminu. Samantektina vann skólástjóri en ákvarðanir um úrbætur voru lagðar til á fundi stjórnenda annarsvegar og stjórnenda og kennara hinsvegar og í samstarfi stjórnenda við fræðslunefnd.

Ljóst er að aukin fjárveiting til skólans þarf að koma til eigi að fara eftir þeim tillögum sem Líf og Sál kom með í kjölfar úttektarinnar og gera þarf ráð fyrir þessum úrbótum í fjárhagsáætlun næsta árs.

### Úrbætur gátlisti

	Þörf	Aðgerð	Hvenær hefst vinnan	Hver ber ábyrgð á framkvæmd	Verki lýkur
Stjórnun	Kynning á niðurstöðum Lífs og Sálár	Framsetning	Mars 2019		Mars 2019
	Úrbótaáætlun	Gerð áætlunar			
	Úrbótaáætlun	Kynning áætlunar			Mái 2019
	Skýra hlutverk stjórnenda skv skipuriti	Starfslýsingar aðgengilegar			
	Skýra einstök verk stjórnenda	Marklistar stjórnenda			
	Skýra einstök verk stjórnenda	Google docs skjal			
	Starfsmannahandbók	Gerð starfsmannahandbókar	Hófst 2016	Skólástjóri	Vor 2020
	Aftur í grunninn	Skýra út sameininguna, stefnuna og skipurit	Árlega á starfsmannafundi		
	Handleiðsla fyrir stjórnendur				
	Leiðbeinandi samtöl	Stjórnendur sinni leiðbeinandi samtölum við starfsfólk eftir þörfum.			
	Auka stjórnendahlutfall á kostnað kennslu hjá aðstoðarskólástjórum				

## Þróunarstarf: Sameining leik- grunn og listadeildar

Undanfarin þrjú ár hefur farið mikið púður í vinnu starfsfólks við sameiningu leik-, grunn, og listadeildar. Gríðarlegar úrbætur hafa verið gerðar á innra starfi og aðstöðu allra deilda á þeim tíma en of langt mál er að rekja þær allar hér. Vísað er til plaggssins hér í viðauka sem kallast Deiglan en þar má sjá helstu aðgerðir sem ráðist hefur verið í. Að því sögðu er þó ljóst að breytingarnar serm um ræðir sem og fjölgun nemenda á sama tímabili hefur haft það í för með sér að verulega hefur þrengt að nemendum og starfsfólki, sérstaklega undir starfsemi grunnskóladeildar.

Skólaárið 2018-2019 má segja að hafi verið „grugg ári“ í áætlun sem gerð var í upphafi sameiningarferlisins. Sem sagt ár þar sem starfsfólki og stjórnendum gafst kostur á að meta stöðuna og hvíla sig eftir tveggja ára átaksvinnu. Á skólaárinu var ætlunin að nýta tímann til að skoða og vinna að framtíðarsýn fyrir skólastarfið næstu tvö til þrjú árin fram í tímann og klára sameiningaráætlunina frá 2016. Af ýmsum orsökum hefur hvorki gefist tími né ráðrúm til að vinna þá áætlun á þessu skólaári og helst má þá nefna, álag, starfsmannaveltu, tímaskort vegna ófyrirséðra verkefna, tregðu við framkvæmdir á því sem búið var að ákveða, fjárskort sveitarfélagsins sem bitnar á þeim úrbótum sem var búið að gefa vilyrði fyrir, skort á heldni við skólastefnuna af hálfu sumra starfsmanna og sveitarfélagsins sjálfs. Það hefur því miður heldur ekki gefist tími til að meta stöðuna þvert á deildir eða í stjórnendahópnum eins og gert var ráð fyrir og því verður þessu umræða nokkuð einhliða mat skólastjóra á stöðunni.

Skólastjóri hefur ítrekað kallað eftir heildarsýn varðandi skólabyggingar og aðstöðu og hvatt til áframhaldandi framþróunar, en við ríkjandi aðstöðu varðandi húsnæði og skort á fjármagni til skólaþróunar og innra starfs er ekki hægt að una að hans mati.

Skólastjóri telur að sameiningin nái ekki að blómstra til fullnustu nema að starfsemi allra deilda verði undir einu og sama þakinu og einnig má nefna að kjarasamningar stéttanna eru það ólíkir að erfitt er um vik að búa til tíma fyrir starfsfólk til að hittast og vinna saman, nema að gera ákveðnar breytingar og aðlaganir varðandi hvernig tíma skal varið við kennslu og undirbúning milli leik- og grunnskólakennara. Slíkar ráðstafanir kalla á aukið fjármagn sem ekki virðist vera til staðar. Það er í huga skólastjóra vafasamt að ætlast til enn frekari hagræðingar í skóla sem nú þegar hefur til margra ára verið niðurskurður í og mikið aðhald.

Snertifletir sem nýta mætti til samstarfs og samtals starfsfólks og þar með skólaþróunar, verða ekki til nema með miklu átaki og miklum vilja starfsfólks þegar starfsemin fer fram í aðskyldum húsum. Til að sameina skólann þarf að sameina menningu mismunandi skólastofnana og búa til sameiginlega menningu. Í því sambandi gildir að það verður ekki bæði sleppt og haldið.

Það eru þó atriði í sameiningarferlinu sem þegar eru farin að bera árangur og eru til merkis um farsæla þróun að mati skólastjóra. Helst má nefna aukið skapandi starf og fjölbreytta nálgun á kennsluna, samfelldan skóladag varðandi tónlistarnám nemenda, ákvörðun um sameiginlega uppeldisstefnu og innleiðingu hennar, samfellu og gott samstarf varðandi yfirfærslu elstu nemenda í leikskóladeild yfir á grunnskólastigið, gott samstarf allra deilda við hjúkrunarheimilið Fossahlíð, meðvitund starfsfólks eftir þennan vetur um jákvæðan skólabrag og líðan í starfi. Verkefni sem unnin eru þvert á deildir svo sem skólaskemmtun, og menningarmót/menntamót, sameiginleg heimasíða og samtal á milli starfsfólks hefur aukist

margfalt. Unnið er eftir sameiginlegum áætlunum sem gerðar hafa verið í samvinnu starfsmanna á mismunandi deildum. Og allt eru þetta jákvæðir þættir sem eru afrakstur ákveðinnar vinnu starfsfólks.

Ein farsælasta leiðin til að sameina skólastarfið er að vinna að sameiginlegum verkefnum þar sem starfsfólk (og nemendur) hefur mikið eignarhald og mikil undirbúningsvinna á sér stað meðal starfsfólks. Dæmi um slík verkefni sem hefur verið farið í er sameiginlegt fundarhald um málefni skólans og störf, ákvörðun um sameiginlega uppeldisstefnu og undirbúningur hennar (UTA), menningarmótið, Brúum bilið og Skólaskemmtunin.

Það er óskandi að á komandi skólaári gefist stjórnendum ráðrúm til að vinna að heildarsýn fyrir skólann í samtali við starfsfólk og klára áætlun til þriggja ára út frá skólastefnu sveitarfélagsins eins og lagt var af stað með frá upphafi sameiningarinnar.



## Aðbúnaður / Húsnæði

### Umræða

Tillaga að úrbótum varðandi húsnæði í grunnskóladeild var unnin af starfsfólki á innramatsfundi á vordögum 2019. Ólafur Hr. Sigurðsson, Hrafnhildur Sigurðardóttir og Bjarnheiður Jónsdóttir sáu um matið og komu með tillögurnar að úrbótum en sumar þeirra voru þegar á plani frá starfsáætlun síðasta skólaárs. Þar til viðbótar eru hafður til hliðsjónar viðhaldslisti frá leikskóladeild og grunnskóladeild sem unninn var í samráði stjórnenda og starfsfólks vorið 2019 en erfitt er að tímasetja þessa áætlun þar sem að ekki eru til fjármunir í viðhald og úrbætur á húsnæði skv. bæjarstjórn. Í þessari skoðun og framsetningu er ekki lýst öðrum aðbúnaði sem er nauðsynlegt að uppfæra vegna innra starfs en gert er ráð fyrir að þeirri þörf verði lýst í starfsáætlun að hausti. Ekki er sett á lista hefðbundið og reglulegt viðhald sem er í umsjón húsvardar. Gera þarf ráð fyrir þessum atriðum á fjárhagsáætlun næsta árs.

### Úrbætur gátlisti

	Hvað þarf að gera	
Aðbúnaður lagfæringar grunnskóladeild	Handriðið í gamla skóla.	
	Aðgengi gamli skóli – lyfta, tröppur/handrið.	
	Rými kjallara (gamla smíðastofan)	Komið á áætlun fyrir árslok 2019
	Tröppur úr kjallara upp á aðra hæð, laga. (hringstigi)	
	Skólasel (vantar aðstöðu). Kaupa færanlega skólastofu til að setja á grunninn.	
	Umhirða á leiksvæði skóla (dýraúrgangur og önnur óhreinindi)	
	Starfsmannasalerni í Gamla skóla (Óviðunandi)	
	Umferðaöryggi við Gamla skóla (vísun í tillögu starfsmanna skólans frá 2017-18 sem búið er að taka fyrir í bæjarstjórn.	Fræðslunefnd
	Aðkoma að Gamla skóla og umhverfi hans (Náttúru hellur lausar þ.a.l stór hættulegt að fara um svæðið.)	
	Hljóðvist Gamla skóla mjög slæm.	Vísað til úrbótanefndar innan skólans
	Gluggar í Gamla skóla óþéttir.	
	Brunavarnir. Gera þarf nýja brunaáætlun í rauða skóla og kjallara gamla skóla vegna breyttrar notkunar. Endurnýja þarf flóttaleið/ brunastiga í nýja skóla. (Taka svalirnar)	
	Smíðastofa leki við glugga	
	Rauði skóli (mygla?/svalir)	
	Mála skólann að utan	
	Gluggar í smíðastofu liggja undir skemmdum.	
	Hurð Gamli skóli	
Mála leiktæki leikskólalóð		

## Persónuvernd og nýting kerfa

### Umræða

Í þessum kafla beinum við sjónum okkar að greiningu persónuverndarfulltrúa á stöðu í persónuvernd í skólanum og mati á nýtingu kerfanna Mentors og innra hugbúnaðarkerfis og varða persónuvernd. Gögn sem nýtt eru til greingar á stöðu eru gátlistar frá persónuverndarfulltrúa sem unnin voru veturinn 2018-2019 á samráðfundum hans og skólustjóra það skólaár. Eins er haft til hliðsjónar mat skólustjóra skv. sjálfsmati um persónuvernd í leik- og grunnskóla sem skólustjóri vann í samráði við persónuverndarráðgjafa Sambandsins Marínó G Njálsson skólaárin 2017-2018 og 2018-2019. Tillögur að úrbótum grundvallast á niðurstöðum þeirrar vinnu. Skólustjóri tók saman.

### Úrbætur gátlisti

	Hvað skal gera	Hvenær hefst vinnan	Hver ber ábyrgð á framkvæmd	Verki lýkur
Persónuvernd	Kaup á skjalaskápum	Haust 2019	Stjórnendur/bæjarstjórn	Vor 2020
	Persónumöppur utanumhald um hvern nemanda grskd. Breytt fyrirkomulag eftir að skjalaskápar koma.	Vor 2020	Stjórnendur/bæjarstjórn	Vor 2020
	Persónumöppur nýting. Breytt fyrirkomulag eftir að skjalaskápar koma.	Vor 2020	Stjórnendur/bæjarstjórn	Vor 2020
	Skjalavarsla persónumöppur einstaklingsmöppur	Vor 2020	Stjórnendur/bæjarstjórn	Vor 2020
	Sérstakt sérkennsludrif fyrir leikskóladeild	Haust 2019	Stjórnendur/bæjarstjórn	Des. 2019
	Myndasamningur nýr frá persónuverndarfulltrúa	Haust 2019	Kennarar	Des. 2019
	Yfirfærsla á gögnum milli leik- og grunnskóla. Nýtt eyðublað útbúið	Haust 2018	Kennarar	Lýkur ekki
	Fræðsla um persónuvernd til starfsfólks árleg	Haust 2019	Kennarar/persónuverndarfulltrúi	2020
	Afritun og varsla gagna fjargeymsla/skýjapjónusta		Stjórnendur	

## Staða áætlana

Skólastjóri fór yfir stöðu áætlana á vef skólans og í gagnagrunni hans, tók saman eftirfarandi samantekt og leggur til endurskoðun þar sem þeirra er ekki getið á áætlunum sjálfum.

Staða áætlana virðist vera nokkuð góð og er þeim gerð góð skil á vef skólans. Við gerð jafnréttisáætlunar veturinn 2019 er skyldum skólans varðandi lögbundnar áætlanir\* mætt að fullu samkvæmt lögum, þó svo að sumar þurfi endurskoðun, m.a. vegna sameiningarinnar. Starfsfólki ber að kynna sér áætlanir og fara eftir þeim. Skoðun á stöðu áætlana í maí 2019 sýnir að tímabært er að fara yfir nokkrar áætlanir, uppfæra miðað við gildandi viðhorf og starf í skólanum og samræma útlit þeirra.

## Úrbætur gátlisti

	Hvaða áætlun	Endurskoðun	Hven ær hefst vinna	Hver ber ábyrgð á framkvæmd (ath.dreifistjórn)	Verki lýkur
Staðaáætlana	Jafnréttisáætlun*	2020	2020	Jafnréttisnefnd	
	Eineltisáætlun*	2023	Haust 2022	Eineltisteymi	Vor 2023
	Áætlun um sameiningarferli og innl. skólastefnu	Haust 2019	Haust 2016	Skólastjóri	Haust 2021
	Læsisstefna*	Þarfnast endurskoðunar	Vor 2020	Stjórnendur	Haust 2021
	Stærðfræðistefna	Þarfnast endurskoðunar	Vor 2020	Stjórnendur	Haust 2021
	Stefna skólans varðandi upplýsingamennt	Skólaárið 2020-2021	Vor 2020	Stjórnendur	Haust 2021
	Viðbragðsáætlun v. bruna*	Þarfnast endurskoðunar	Vor 2020	Stjórnendur	Haust 2020
	Viðbragðsáætlun áfalla*	Þarfnast endurskoðunar	Vor 2020	Stjórnendur	Haust 2020
	Starfsþróunaráætlun*	2021	Haust 2021	Stjórnendur	Jan. 2021
	Innramatsáætlun*	2023	Haust 2022	Stjórnendur	Vor 2023
	Brúum bilið, farsæl grunnskólabyrjun*	Þarfnast reglul. endurskoðunar	Vor 2020	Stjórnendur	Haust 2020
	Forvarnaráætlun*	Þarfnast endurskoðunar	Haust 2021	Stjórnendur	Jan. 2021
	Heilsueflandi grunnskóli	2025	2024	Stjórnendur/skólaráð	Haust 2025
	Áætlun móttöku nýrra nemenda*	Þarfnast endurskoðunar	Haust 2019	Stjórnendur/sérkennari	Haust 2020
	Áætlun um kennslu nýbúa og tvítýngdra nemenda	Ný áætlun	Haust 2019	Stjórnendur/sérkennari	Haust 2020
	Stefnumörkun varðandi námsmat	Þarfnast endurskoðunar	Haust 2019	Stjórnendur/kennarar	Haust 2022
	Skólareglur og viðbrögð við þeim*	Endurskoðað árlega	Ágúst /sept	Stjórnendur/kennarar	
	Starfsáætlun*	Gert árlega	Ágúst	Stjórnendur	
	Skólanámskrá (vefur skólans)	Gert árlega	Ágúst	Stjórnendur	

## Lokaorð

Af þessari viðamiklu skýrslu má sjá að margvíslegar umbætur má gera á skólastarfi Seyðisfjarðarskóla. Á árinu framundan verður gerð heiðarleg tilraun til að laga það sem miður hefur farið og vinna samkvæmt þeirri áætlun sem hér er sett fram. Það ber ekki að skilja skýrsluna sem svo að starfið í skólanum sé eingöngu eitthvað sem þarf að laga. Mikilvægt er að hafa í huga að margt er vel gert og að mörgu leyti er starfið mjög gott og mikil framþróun á sér stað samhliða öllu öðru starfi. Til. að mynda er eftir því tekið að einelti er ekki áberandi meðal nemenda og samband nemenda og kennara er mjög gott. Helst er það líðan nemenda og sjálfstraust þeirra sem þarf að vinna að að efla og starfsandi meðal starfsfólks þarf að sumu leyti að laga. Í því tilliti er vert að endurtaka að öll aðstaða, álag, möguleikar á endurmenntun, virðing fyrir skólastarfinu almennt og traust milli heimila og skóla eru lyklar að farsælum starfsanda, ásamt faglegum og hlýlegum samskiptum milli starfsmanna sjálfra.

Skólastarf hefur ávallt verið umfangsmikið starf sem tekur sífelldum breytingum í takti við breytingar á samfélaginu hverju sinni og er hvoru tveggja í sífelldri þróun, það er ekkert nýtt. Við í skólanum bindum miklar vonir við að uppeldisstefnan Uppeldi til ábyrgðar ásamt þeirri vinnu sem lagt hefur verið í varðandi starfsanda muni skila sér til nemenda og starfsfólks alls á komandi ári og héðan í frá. Jafnframt að þær áætlanir okkar sem meðal annars eru lagðar fram hér eigi sér stöð hjá okkur sjálfum fyrst og fremst, en einnig í stöðkerfinu okkar hið ytra það er hjá foreldrum og svo sveitarstjórn.

Með vinsemd og virðingu fyrir hönd grunnskóladeildar

Í ágúst 2019

Svandís Egilsdóttir  
Skólastjóri

Kynnt á starfsmannafundi í ágúst haustið 2019

Birt á vef skólans og í handbók kennara (innra neti)